

Reglugjörð

4
12. jan.

um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum, stofnaða með lögum 10. nóvember 1903.

1. gr.

Samkvæmt 4. gr. í lögum 10. nóvbr. 1903 um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum, stjórnar lífsábyrgðinni þriggja manna nefnd, undir yfrumsjón landsstjórnarinnar, og kjósa þeir úr sínum flokki formann; fjehirði og skritara kjósa þeir einnig, en þeir mega vera utannefndarmenn, ef það þykir betur henta. Stjórnarnefndarmenn hafa einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því að fje ábyrgðarsjóðsins misfarist ekki.

2. gr.

Formaður kallar nefndarmenn á fundi, þegar honum þykir þess við þurfa, eða ef einhver úr nefndinni óskar þess; hann stjórnar fundum, undirskrifar brjef nefndinnar ásamt öðrum nefndarmanni, og ávísar gjöldum sjóðsins. Hann geymir fundabók og brjefabók nefndarinnar.

3. gr.

Fjehirðir tekur á móti gjaldi því, sem skráningastjórar heimta saman eptir 3. gr. í nefndum lögum og gjörir það arðberandi í sparisjóði landsbankans, eða með því, að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, er formaður ritar upp á að eigi megi afhenda án hans samþykkis; hann greiðir og af hendi gjöld ábyrgðarsjóðsins eptir ávísun formanns. Hann heldur dagbók yfir tekjur og gjöld og semur ársreikning yfir þau.

4. gr.

Skrifari annast brjefaskriptir lífsábyrgðarinnar undir umsjón formanns.

5. gr.

Nú drukknar sjómaður eða deyr af slysförum á því tímabili, er hann hefur greitt vátryggingargjald fyrir, og skal þá skiptaráðandi sá, er annast á um skipti á búi hans, svo fljótt sem því verður viðkomid, skýra stjórn lífsábyrgðarinnar frá, hvenær og með hverjum atburðum hann hafi dáid, og á hvaða skipi hann síðast var lögrskráður, sem og hverjum beri að taka við vátryggingarupphæð þeirri, sem nefnd er í 5. gr. í lögum 10. nóv. 1903 eptir reglu þeirri, er nú skal greina:

1. Hafi sjómaðurinn látið eptir sig ekkju, þá fær hún upphæðina.
2. Hafi sjómaðurinn látið eptir sig börn, en eigi ekkju, þá tekur fjárhaldsmaður barnanna eða sá maður, sem skiptaráðandi skipar, við allri upphæðinni, til jafna skipta milli barnanna.
3. Hafi sjómaðurinn hvorki látið eptir sig ekkju nje börn en eigi föður og móður á lífi, tekur faðirinn við upphæðinni fyrir beggja þeirra hönd, en sje annað þeirra dáid, tekur hitt til sín alla upphæðina.

- 4** 12. jan- 4. Eigi sjómaðurinn systkin á lífi, er hann dó, en hvorki ekkju, börn nje foreldra, þá tekur sá maður, er skiptaráðandi skipar, við allri upphæðinni til jafnra skipta milli systkinanna.
5. Sjeu engir slíkir vandamenn til en sjómaðurinn hafi gjört lögmæta erfaskrá, þá skal sá taka við váttryggingarupphæðinni, sem þar er ákveðið, en hafi slík erfðaskrá ekki verið gjörð, eignast váttryggingarsjóðurinn upphæðina.
- Nú deyr sá eða þeir allir, sem váttryggingarupphæðarinnar njóta, áður en búið er að borga hana alla út, og fellur þá það, sem eftir er af henni, til þeirra, sem nefndir eru hér að ofan í næsta töluíð á eftir.

6. gr.

Váttryggingarupphæðirnar greiðast í Reykjavík gegn lögmætri kvittun.

7. gr.

Hafi eigi spurzt til skips eða skipshafnar í fulla 6 mánuði, skal svo álitá að hún hafi drukknað þegar eftir að síðast spurðist til hennar.

8. gr.

Ársreikningur fjelagsins skal endurskoðast af manni, er landsstjórnin nefnir til og hún úrskurðar og kvittar fyrir reikninginn.

Reykjavík, 12. janúar 1904.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reikningur

um tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins níunda fyrir árið 1903.

Tekjur :

- | | | | |
|--|-----|---------|----------------------|
| 1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1903 B. 44. bls.): | | | |
| a. Innritunarskirteini Ltr. A, fol. 84 . . . | kr. | 8600 00 | |
| b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . | — | 1033 70 | |
| c. Óhafðir vextir af innritunarskirteini . . . | — | 301 00 | kr. 9934 70 |
| 2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins: | | | |
| a. af innritunarskirteini til $\frac{11}{6}$ og $\frac{11}{12}$ 03 . . . | kr. | 301 00 | |
| b. af fje í landsbankanum til $\frac{31}{12}$ 03 . . . | — | 45 72 | kr. 346 72 |
| | | | Samtals kr. 10281 42 |